

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3373

Rekstraraðili Vegagerðin kt: 6802692899	Tegund starfsemi Olíubirgðarstöð	Starfsleyfisnúmer: Gildistími starfsleyfis 19. mars 2031
Starfsstöð Ísafjörður	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 21. apríl 2026
Starfstöðvarnúmer: 0211	Eftirlitsmaður Kristín Kröyer	Útgáfudagur skýrslu 4. júní 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Wojciech Wielgosz	Stöðvarstjóri

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram 6 ný frávík er varða rekstrarhandbók, yfirferð á virkni olíuskilju, upplýsingar til stofnunarinnar um breyttan tengilið, ábyrgðatryggingu og sýnatöku úr olíuskilju.

Einnig eru tvær opnar ábendingar varðandi olíuskiljuna og upplýsingar til stofnunarinnar varðandi mengunaróhöpp

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit - fór fram hjá rekstraraðila þann 5. desember 2025 og þann 21. apríl 2026.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Farið var yfir niðurstöður síðasta eftirlits en þar höfðu verið settar fram tvær ábendingar, annars vegar varðandi að á stöðina vantaði ídræg efni og hins vegar að það vanti öryggisblöð. Búið er að fjárfesta í litlu setti ídrægra efna sem geymd eru inni í skúrnum. Bent var á í eftirlitinu að mikilvægt sé að á staðnum sé nægjanlegt magn ídrægra efna til að geta einnig tekið á ef óhapp verður við áfyllingu bifreiða fyrir utan þróna.

Búið er að koma fyrir öryggisblöðum í möppu á uppi á vegg inni í skúr. Í eftirlitinu árið 2025 var frávik er varðar sýnatöku úr olúskilju og farið var yfir það í eftirlitinu, en frávikið stendur opið enn þar sem stofnuninni hafa ekki borist niðurstöður úr nýrri sýnatöku.

Rekstrarhandbók:

Í eftirlitinu gat rekstraraðili ekki framvísað rekstrarhandbókinni. Hún er ekki geymd á svæðinu sem er frávik frá gr. 3.3 í starfsleyfi.

Olúskilja:

Á svæðinu eru tvær olúskiljur. Olúskilja 1 er innan þróarinnar og tekur við vökva sem kemur úr húsi sem stendur utan um lýsisgeymi. Þróin var lokuð í eftirlitinu en rætt var um hvernig olúsýnataka skuli framkvæmd. Hin olúskiljan er staðsett fyrir utan þróna og tekur á móti vökva frá áfyllingarplaninu. Rekstraraðili hefur sent til stofnunarinnar upplýsingar um báðar skiljurnar. Upplýsingum um nafnstærð og aðrennslissvæði skiljanna vantar í þau gögn sem hafa verið send inn. Rekstraraðili þarf að senda inn þessar upplýsingar svo hægt sé að reikna út hversu stórar olúskiljurnar þurfa að vera.

Í skiljunum eru sjálfvirkir skynjarar. Rekstraraðili hefur þó ekki prufað skynjarana reglulega. Mikilvægt er að bæta úr því og gera það að minnsta kosti sjötta hvern mánuð, samanber kröfu í gr. 2.4 í starfsleyfi um að yfirfara olúskilju á sex mánaða fresti. Mikilvægt er að skrá þessa yfirferð í rekstrarhandbókina.

Trygging vegna bráðamengunar:

Rekstraraðili gat ekki framvísað tryggingu vegna bráðamengunar í eftirlitinu. Það er frávik frá gr. 4.7. í starfsleyfi að hafa ekki tryggingu fyrir bráðamengun.

Þrýstiprófanir:

Vegagerðin framkvæmdi sjálf síðasta þrýstipróf sem framkvæmt var árið 2021. Því ætti að þrýstiprófa allar löndunarlagnir í ár. Mikilvægt er að þrýstiprófunin sé framkvæmd á a.m.k 1,25 sinnum vinnuþrýstingi og að þrýstingur sé mældur jafnt og þétt yfir mælitímann, að algjöru lágmarki í 4 klst. Skrá þarf bæði nákvæmt hitastig og nákvæman þrýsting.

Þykktarmælingar:

Lífolúgeymirinn var síðast þykktarmældur árið 2021. Ekki er vitað til þess að viðgerðir hafi nokkur tíman verið gerðar á geyminum.

Umhverfisupplýsingar:

Umhverfisupplýsingum hefur ekki verið skilað til stofnunarinnar sem er frávik.

Vettvangsskoðun:

Gengið var um svæði rekstraraðila, engar athugasemdir voru gerðar við ástand eða útlit svæðisins.

Annað:

Tengiliður rekstraraðila hefur látið af störfum og Vegagerðin hafði fyrir boðun eftirlitsins ekki upplýst stofnunina um nýjan tengilið, sem er frávik. Í starfsleyfi kemur fram að tengiliður skuli vera sérstakur fulltrúi rekstraraðila og beri hann ábyrgð á samskiptum vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana, sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi,

Rekstraraðila var bent á að ef upp koma mengunaróhöpp eða atvik skal upplýsa stofnunina tafarlaust um það, sbr. gr. 4.6 í starfsleyfi.

Eftirlitsheimsókn 2025:

Farið var í eftirlitsheimsókn í bikstöð Vegagerðarinnar þann 5. desember 2025. Í heimsókninni var sett fram eitt frávik er varðar að ekki hafa verið framkvæmdar mælingar í fráveitu síðan í ágúst 2020, en rekstraraðila ber að framkvæma mælingar á a.m.k þriggja ára fresti. Rekstraraðili sendi stofnuninni niðurstöður efnagreininga vorið 2026, en að mati stofnunarinnar var framkvæmd sýnatökunnar og efnagreiningin ekki með þeim hætti að hægt væri að taka mark á þeim niðurstöðum.

Í heimsókninni 2025 var einnig farið yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og mælingar skv. 3. kafla. Einnig var farið yfir þau frávik sem kom fram við eftirlitið árið 2023 um að skráningar í rekstrarhandbók voru ekki fullnægjandi.

Tvær ábendingar voru settar fram í heimsókninni árið 2025 um að þörf væri á að bæta við ídræg efni í stöðvarhús og að öryggisblöð þyrftu að vera á aðgengilegum stað.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 3.3 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 21. apríl 2026 Rekstraraðili skal skrá reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila <i>Rekstrarhandbók var ekki til staðar á starftöð</i>	Opið
gr. 2.4 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 21. apríl 2026 Reglubundnu viðhaldi og losun mengunarvarnabúnaðs ekki sinnt eða er ábótavant. <i>Yfirfara þarf virkni olíuskilju á a.m.k sex mánaða fresti</i>	Opið
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 21. apríl 2026 Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðaupplýsingum <i>Rekstraraðili upplýsti stofnunina ekki um nýjan tengilið fyrir stöðina</i>	Opið
gr. 4.7 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 21. apríl 2026 Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfis- og orkustofnun metur gilda, sem jafngildir 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.	Opið

	<i>Rekstraraðili gat ekki framvísað tryggingaskýrteini vegna ábyrgðatryggingar.</i>	
gr. 3.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 21. apríl 2026 Mælingar á mengunarefnum ekki framkvæmdar eða ekki fullnægjandi <i>Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár</i>	Opið
gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald	Frávikið var skráð: 21. apríl 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. <i>Umhverfisupplýsingum hefur ekki verið skilað.</i>	Opið

Ábendingar

Yfirfara olíuskiljuna að minnsta kosti sjötta hvern mánuð samanber kröfu í gr. 2.4 í starfsleyfi um að yfirfara olíuskilju á sex mánaða fresti Mikilvægt er að skrá þessa yfirferð í rekstrarhandbókina.

Rekstraraðila var bent á að ef upp koma mengunaróhöpp eða atvik skal upplýsa stofnunina tafarlaust um það, sbr. gr. 4.6 í starfsleyfi.

Rekstraraðila er bent á að senda stofnuninni upplýsingar um nafnstærð og aðrennslissvæði olíuskiljanna svo hægt sé að reikna út hversu stórar olíuskiljurnar þurfa að vera.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlitið er framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti.

Rekstraraðili hefur tvær vikur frá því að drög eru birt til að koma með athugasemdir við skýrslu.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá útgáfudegi lokaskýrslu til þess að skila úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til áminningar og álagningu dagsekta.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða skv. 38. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár nr. 1410/2023.